

Útskriftarræða H20

Áslaug Stella Steinarsdóttir og Elísabet Páley Vignisdóttir

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, starfsfólk, samnemendur og gestir sem eru heima í stofu.

Ég er Áslaug Stella og ég er Elísabet Páley og við fengum þann heiður að flytja ræðu fyrir hönd nýstúdenta á þessum merkisdegi.

Fyrsta árið mitt í FSN var örugglega aðeins öðruvísi en hjá öðrum, meðan allir voru að kynna nýjum kennurum og kennarar að læra ný nöfn og andlit, þá var ég ekkert vandamál fyrir marga kennara. Vill svo til að mamma mín er kennari í FSN og hef ég verið í þessum skóla síðan ég var krakki að lita inni á kennarastofu í tíma og ótíma. Þannig FSN var alls ekki nýtt umhverfi fyrir mig og var ég lengi spennt fyrir því að fá loksins að vera nemandi í FSN sem mátti alls ekki labba yfir strikið á kennarastofunni.

Vill svo líka til að mamma mín er kynnir okkar í dag og er hún ekki hérna endilega til að sjá mig útskrifast heldur frekar að monta sig yfir nýju peysufötunum sem hún saumaði í byrjun árs.

Fyrir utan gott nám og góða kennara þá var félagslíf FSN stór hluti af minni skólagöngu. Fyrsta skóladaginn á öðru ári mínu í FSN fékk ég boð í stjórn nemendafélagsins sem ritari og tók ég því boði með ánægju og er það einhvað sem ég mun aldrei sjá eftir. Nemendafélagið var ekki bara að skipuleggja böll og viðburði, heldur eignaðist ég líka frábæra vini og var þessi hópur eitt af því sem gerði skólagöngu mína þá allra bestu. Það var líka lúxus fyrir okkur sem fengum lykil að nemó að geta alltaf farið og tekið eina góða lögn í verkefnatíma, stundum vaknaði sá hinn sami við að öll nefndin labbaði inn til að funda.

Ég fékk einnig þann heiður að verða forseti nemendafélagsins . Fyrir utan stutta forseta-tíð sem var eiginlega slúttuð vegna Covid strax í byrjun samkomubanns í mars þá unnum við umtalaða West-Side í október í fyrra annað árið í röð eftir langa fundi hjá skólameistara FSN

MB og FVA hvort það ætti yfir höfuð að leyfa okkur að halda West-Side aftur. og höldum við enn bikarnum þangað til á næsta West-Side. Veit vel að þessi reynsla er ekki alltaf sjálfsgöð í stærri skólum á landinu og er ég ótrúlega sátt við persónulegt umhverfi og möguleika sem FSN hefur að bjóða.

Andstæða við hana Áslaugu þá hafði ég ekkert með félagslífið að gera. Fyrir þremur árum sagði ég við vini mína og fjölskyldu að ég mun aldrei klára framhaldsskóla. Eftir árs pásu kom ég aftur og vil þakka skólanum og kennurum fyrir að taka vel á móti mér aftur og hjálpa mér í gegnum þetta.

FSN er stútfullur af frábærum kennurum og starfsfólki og viljum við þakka þeim fyrir að þola okkur í gegnum þessa önn þar sem felst okkar ef ekki öll vorum dugleg að senda skilaboð að kvöldi til og um helgar og þau svöruðu okkur alltaf. Stundum bara til að senda hvort þau mættu ekki tala við okkur morguninn eftir.

Áður en Covid frænka kíkta í heimsókn voru tímarnir í kynjafræði, félagsfræði og sálfræði oftast bara góðir spjalltímar. Þessir tímar komu manni í gegnum daginn og í þökkabót kynntist maður fullt af nýju fólki. Þessara tíma var mikið saknað þessa önn þar sem flestir .. jaa eða allaveganna við... voru liggjandi upp í rúmi hálfsofandi í gegnum alla fjárfundina.

Birta kennari hefur svo sannarlega komið með öðruvísi áfanga, áfanga sem voru virkilega spennandi fyrir okkur. Hún kom með Réttarsálfræði og marga aðra góða sálfræðiáfanga. Þessa önn kom hún og Árni saman með Sakamálafræði. Í þessum áföngum lærðum við um morð, morðingja, sakamál og réttarkerfið í heiminum. Ef einhver myndi fara yfir history í tölvunum okkar kæmi mér ekki á óvart þó Interpol myndi banka upp á þar sem mikið var verið að googla t.d. „Ted Bundy victims“, „Most hideous murders“ „Top 5 worst serial killers“ og hvað þá þegar við þurftum að búa til okkar eigið sakamál og vorum farin að googla „Dead body in mud“ Birta og Árni eiga mikið hrós skilið fyrir frábærann sakamálaáfanga og margir aðrir skólar ættu að vera öfundsjúkir yfir þessum áfanga.

Oft er talað um í útskriftaræðum hvað það er frábært að fá smsið frá Óla þegar það var ófært. Þessi önn var öðruvísi, það var alveg sama hvernig veðrið var, við fengum enga óveðursdaga.

Þó svo að við í grundarfirði búum við þann lúxus að búa í 5 mínútna fjarlægð frá skólanum þá getum við sagt að þessir óveðursdagar voru allra bestu frídagar í FSN. Hvíl í friði óveðursdagar

Þessi ár hérna hafa verið viðburðarík, skemmtileg og krefjandi. Við höfum öðlast mikla þekkingu, reynslu og eignast fullt af nýjum vinum. Enn og aftur viljum við þakka kennurum, starfsfólki og skólanum yfir höfuð fyrir að vera með gott fjarnámskerfi og endalausa þolinmæði. Nú förum við öll okkar leiðir og viljum við óska öllum samnemendum okkar hér í dag góðs gengis í framtíðinni.

Takk fyrir okkur og til hamingju við